

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Styrktarsjóð Björns Eysteinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Björns Eysteinssonar.
Sjóðurinn var stofnaður af Birni Eysteinsyni með gjafabréfi, dags. 31. mars 1924.

2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er heimili formanns sjóðsstjórnar hverju sinni.

3. gr.

Eignir sjóðsins voru 1. janúar 2004 krónur 9.979.313. Af því skal óskerðanlegt stofnfé vera kr. 600.000.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, arður af stofnfé og aðrar tekjur.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja aðila innan núverandi hreppamarka Torfalækjarhrepps:

- a) Vegna óvæntra áfalla
- b) til framhaldsnáms
- c) til menningarmála.

6. gr.

Árlega má veita styrki úr sjóðnum.
Vextir og annar arður sem er umfram styrkveitingar leggst árlega við höfuðstól.

7. gr.

Í stjórn sjóðsins sitja 3 menn sem sýslumaður Húnavetninga skipar til fjögurra ára í senn, í upphafi samkvæmt tilnefningu hreppsnefndar Torfalækjarhrepps. Segi einhver sig úr stjórninni eða falli frá, tilnefnir sýslumaður mann í hans stað. Stjórnina skipa menn sem búsettir eru innan hreppamarka núverandi Torfalækjarhrepps (2004)

8. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir einu sinni á ári eftir umsóknum um styrki úr honum.

9. gr.

Stjórn sjóðsins hefur til vörslu fjármuni hans og ber að ávaxta þá á sem tryggilegastan hátt.

10. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

11. gr.

Gera má breytingar á skipulagsskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna.

Skipulagsskránni verður þó ekki breytt nema með samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðuneytisins.

12. gr.

Telji stjórn sjóðsins að hann geti ekki á einhverjum tíma gegnt hlutverki sínu getur hún ákveðið að leggja hann niður, enda sé hún einhuga um það og dómsmálaráðherra heimili.

Eignum sjóðsins skal þá verja til málefna sem stjórnin telur best falla að hlutverki hans.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og fellur þá jafnframt úr gildi skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var í desember árið 1937.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. desember 2004.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.